

Hafnarfjarðarbær
b.t. Guðmundar Elíassonar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 2. maí 2024
UST202404-181/S.V.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum - Stekkjarhraun

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Guðmundar Elíassonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, dagsetta 16. apríl 2024 um framkvæmdaleyfi til að koma fyrir fráveitulögn í vegkanti meðfram Hlíðarbergi en fyrirhuguð framkvæmd verður innan marka fólkvangsins Stekkjarhrauns.

Stekkarhraun er friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 398/2009](#). Allur akstur vélknúinna farartækja er óheimill á stígum í fólkvanginum, nema til viðhalds þeirra. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja fráveitulögn sem mun liggja að megninu til innan marka fólkvangsins Stekkjarhrauns, frá Stekkjartorgi meðfram Hlíðarbergi og að gatnamótum Fögruhlíðar og Klettahlíðar. Áætlað var að hefja verkið í apríl og að því verði lokið fyrir lok september 2024. Vélgrafa mun grafa í vegkantinum upp á vörubíl sem mun standa á veginum. Reiknað er með um fimm metra breiðu skurðstæði og mun verkkaupandi fara fram á að framkvæmdaraðili skili yfirborði verksins sem næst upprunalegu horfi. Áætluð framkvæmd er í samræmi við samþykkt skipulagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa tímabundin neikvæð áhrif með óhjákvæmilegu jarðraski auk þess sem gestir svæðisins geti orðið fyrir truflun á annars friðsælu svæði. Unnt er að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Stekkjarhraun sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þessa bréfs í sex mánuði að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Kynna skal fyrir verktaka þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vélgröfu, sbr. verklýsingu, að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Athygli er vakin á því nokkrar friðaðar fornminjar liggja nærri áætluðu framkvæmdasvæði og gæti því þurft leyfi Minjastofnunar verkefninu, þ.e. ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

svæðissérfræðingur